



Nýársávarp
forseta Íslands
Vigdísar Finnbogadóttur
1. janúar 1982

Góðir landsmenn.

Gleðilegt ár 1982. Enn göngum við móti hækkanði sól með eftirvæntingum og vonum. Jafnframt lítum við á þessum degi fremur venju til baka til liðna ársins og rifjum upp atburði þess.

Árið hefur verið okkur gott. Ekki hefur dregið úr velmegun okkar og velferð þótt árið sé talið hið kaldasta síðan um aldamót. Við gnægð ljóss og hita og alls sem til framfæris þarf má hugsa til snauðra ættmenna okkar fyrir 100 árum sem við mjög svipað árferði sáu enga björg í harðindum og tóku því það til bragðs að flytjast burt svo þúsundum skipti. Ólík er aðstaða okkar núna til að njóta okkar fagra lands.

Á liðnu ári voru skref stigin fram á við til heilla fyrir framtíð lands og lýðs og landsmönnum leið almennt vel. Ofarlega í huga eru þó þeir sem þurftu að mæta sársauka og missi og sannfæra sjálfa sig af æðruleysi um að lífið verður að halda áfram þótt óbærilegt virðist um stund. Það eru sérkenni smáþjóðar að við erum einatt svo mörg sem vitum af því þegar harmur knýr dyra meðal okkar. Við erum svo nálæg hvert öðru, þegnar smáþjóðarinnar, að við finnum einlæglega til hvert með öðru ef að einhverjum er höggvið hvort sem okkur tekst að tjá það eða ekki.

Góðar minningar frá liðnu ári eru tengdar því að þjóð okkar hefur verið sýnd ljúf gestrisni erlendis og þjóðerni okkar, sérkennum og menningu veitt athygli og vakið forvitni. Í huga mér og margra annarra hafa þær þjóðir sem sýnt hafa Íslandi og Íslendingum hlýhug með heimboðum færst nær okkur og við þeim, Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Gagnkvæmur skilningur þjóðanna á högum og lífsháttum hefur orðið ljósari og vináttubönd verið fastar knýtt.

Íslendingar nutu þess einnig að fagna góðum gestum þegar landstjóri Kanada, kona hans og fylgdarlið sóttu okkur heim. Landstjórinn er vel kunnur Íslendingabyggðum þótt ekki sé af íslensku bergi brotinn og treysti það enn þau bönd milli gamla landsins og þeirra sem aldrei geta né vilja gleyma landi feðra sinna þótt þeir eigi búsetu í annarri álfu. Það yljár ávallt þjóðarstoltinu að heyra hve Vestur-Íslendingum er borið gott orð og eru mikils metnir meðal landa sinna í Kanada. Þeir eru kunnir fyrir að hafa orðið heimalandi sínu til sóma í hvívetna, dugmiklir, traustir og einarðir. Fólki sem bar með sér menningu heimalandsins og hefur varðveitt hana fullt metnaðar til að læra og komast áfram á nýjum slóðum.

Ljúfastar eru mér þó sem einstaklingi minningar frá heimsóknum í Dalasýslu, Strandasýslu, Þingeyjarsýslur og Eyjafjarðarsýslu. Sérhver staður, hvert andartak, broshýr börn og fullorðið fólk, standa mér ljóslifandi fyrir hugskotssjónum, – hlýja allra og gestrisni, – ævintýralegur fagnaður og gleði á mannamótum. Í minningunni skein sólin í blájalogni alla daga – og er þar Eyjafjarðarsýsla ekki undanskilin. Því er

þannig varið að það eru mennirnir sem skapa andrúmsloftið en ekki duttlungafullir veðurguðir. Góðar gjafir heimamanna prýða nú Bessastaði, höfuðból ættjarðarinnar, sem vert er að muna að er sameiginleg eign okkar allra; gjafir þegar með þakklátum huga er vekja umræðu um heimabyggðirnar og aðdáun gesta sem ber að garði.

Í hugum Íslendinga hefur um aldir verið spáð fram í tímann á nýársnótt og á fyrsta degi nýs árs. Á meðan veraldlegum gæðum var lítt til að dreifa á Íslandi spunnust um þær spár ýmsar sögur sem hafa geymst í verðmætahirslum þjóðarinnar, – þjóðsögum okkar. Sögur um veislugleði sambylismanna okkar álfanna og ýmsa skemmtilega yfirmátúrlega atburði svo sem þegar kýrnar í fjósinu brugðu fyrir sig mannamáli á nýársnótt. Í sögunum skiptast á skin og skúrur. Gott þótti t.d. að vita til þess að hneraði maður á nýárs morgun í rúmi sínu þá lifði maður það ár. Bæri nýársdag upp á föstudag, eins og í byrjun þessa árs, átti vetur að verða breytilegur, vorið gott, sumarið þurrt og gott, ríkulegur heyskapur, gnægð korns og ávaxta en hætta á fjárdaða.

Ein skemmtilegust þjóðsagna er sagan um búrdrífuna, en svo hét hrím það er forðum féll á nýársnótt á búrgólfið hjá húsfreyjum; því þær létu þá standa opna búrgluggana. Hrím þetta var líkast lausamjöll, hvítt á lit, smágert og bragðsætt, en sást hvorki né náðist nema í myrkri og var allt horfið þegar dagur rann á nýárs morgun. Næðu húsfreyjur búrdrífunni átti að fylgja einstök búsæla og búdrýgindi.

Búsæla og búdrýgindi eru töfraorð og hugsjón sem hefur fylgt þessari þjóð frá landnámstíð að hún tók að bjóða náttúruöflunum birginn. Þessi náttúruöfl hefur henni nú að nokkru tekist að knésetja, en eldgos, veður og vatnsflaumur hafa svo lengi gengið að landinu að það hefur víða látið á sjá. Það þarfnast nú mikillar umhyggju þegnanna og átaka til þess að ná aftur meiru af æskusvip sínum. Sérfræðingar okkar telja að þegar landnámsmenn komu hér að ósnortnu landi hafi blómlegur gróður þakið rúman helming þess. Sá gróður hefur nú látið undan síga og nær nú aðeins yfir einn fjórðung. Á 1100 árum byggðar hefur því tapast a.m.k. helmingur af gróðri landsins, þ.e. af svæði sem er nálægt 1/3 af öllu landinu að undanskildum jöklum. Það er ógnvekjandi til þessa að hugsa. Skóglendi þakti áður fjórðung landsins, en nú aðeins 1/100 hluta þess.

Íslendingar, sem eru kunnir fyrir þolgæði og nokkra þrjósku þegar að þeim er gengið, ættu að leggjast á plóginn, allir sem einn, og beina einurð sinni að því að græða hvern blett sem græddur verður. Það hefur lengi verið landlæg trú að ekkert geti vaxið á ýmsum stöðum. En margur hefur með natni sannað með blómstrandi gróðurreitum um allt land að slíkt er vantrú á gjafmildi gróðurmoldar. En þolgæði þarf til og ekki má láta deigan síga þótt nokkurn tíma taki að ná árangri.

Þá er ekki minna um vert að varðveita og hlúa að þeim gróðri sem fyrir er, – kunna þar bæði okkar eigin fótum og blessaðrar sauðkindarinnar forráð. Á liðnu sumri kom hér þekktur erlendur sérfræðingur um náttúruvernd sem um árabíl hefur unnið að skipulagningu á varðveislu viðkvæmra og fjölsóttra staða. Hann benti okkur á þann sorglega sannleika að örtröð fólks er að eyðileggja nokkra fegurstu staði landsins, svo sem Mývatnssvæðið, með því að virða ekki afmarkaðar gönguleiðir. Íslenskur gróður er svo viðkvæmur að við getum ekki látið slíkt líðast. Stefna okkar verður að vera sú að virða og varðveita náttúruna til að njóta hennar í öllum sínum skróða. Það sem troðið er niður í náttúrunni tekur áratugi ef ekki aldir að græða á ný. Og aldrei getum við óskað þess að afkomendur okkar erfi landið verr útleikið en við tókum við því.

Landsmenn þurfa að geta notið þess frelsis að komast í nána snertingu við þá staði sem þeim eru sérstaklega kærir. Þar hefur umhverfi Þingvallavatns einkum verið til umræðu og að sem flestir fái að njóta strandar vatnsins. Eins og Skaftafell eru

Þingvellir þjóðgarður okkar og helgur sögustaður landsmanna. Útsýnið á að vera þar sem bjartast frá öllum sjónarhornum. Þar sýndu þegnarnir sem söfnuðust svo þúsundum skipti til mikillar hátíðar sumarið 1974 að þeir kunnu að umgangast af einstökum kærleika og alúð jörðina sem þeir gengu á.

Ekki verður svo fjallað um landvernd að mannvernd sé ekki jafnframt nefnd til sögunnar. Því hverjir ættu að njóta lands og aukinna landgæða og vera þar til frásagnar nema lifandi menn með lifandi hugsun.

Nýliðnu ári var ætlað að vekja athygli á málum samborgara okkar sem einhver hömlun háir. Sú athygli sem þannig beindist að því sem á hefur bjátað hefur jafnframt vakið aðdáun á sálarþreki svo margra, þar á meðal þeirra sem næst hafa staðið til hjálpar hverju sinni. Við höfum lagst á eitt til að sanna að við erum öll jöfn þótt eitthvað skorti á að við séum eins og best yrði kosið að líkamlegum eða andlegum burðum. Mikið hefur áunnist, en ári fatlaðra er ekki lokið þótt komin séu áramót. Sérhvert ár um alla framtíð á að vera þeirra ár eins og árin okkar allra fléttast saman og verða að lífsskeiði okkar í heild sem komandi kynslóðir taka við reynslunni ríkari. Reynsla og viska hvernar kynslóðar mega aldrei fýrnast heldur verða hvati til nýrra dáða.

Á Íslandi hefur orðið stökkbreyting í lifnaðarháttum á minna en mannsaldri. Umblyting sem slík hefur ekki að ófyrirsynju valdið álagi á einstaklinginn í fámennu þjóðfélagi. Við erum, að ég hygg, smæst þjóða sem tekist hefur fyrir einstaka atorku á örfáum árum að vinna okkur fyrir lífeyri velmegunar. Hverri vegsemd fylgir vandi, – ekki síst þeirri að lifa við allsnægtir. Flótti frá raunveruleikanum með þeim aðferðum sem tíðkast og nokkuð keyra úr hófi í samfélagi okkar rýrir menn sjálfsvirðingu. – En sjálfsvirðing er lykill frelsis og farsældar. Það er gaman að skemmta sér, en að ganga til þess að skemmta sjálfum sér við að gleyma stundu og stað aðeins til að drepa tímann er með því dapurlegasta sem samfélagið hefur fundið sér til dægrastyttingar. Það elur á sambandsleysi manna, ekki síst sú nýja tíska að neyta lyfja sem gerir þá svo innhverfa að skemmtunin felst í því að vera einn með sjálfum sér að skoða innri tálmyndir. Neysla slíkra lyfja, innflutningur og dreifing, brýtur einnig í bága við landslög.

Megi ég á nýju góðu ári biðja æsku okkar stórrar bónar þá er bóinn sú: að hún staldri við og bregðist ekki sjálfri sér þegar og ef sú freisting gerir vart við sig að ganga í berhögg við lög og réttarfar landsins. Það getur orðið og er svo oft fyrsta skrefið að ævilangri ógæfu. Okkur sem viljum vernda land og menn þykir svo undurvænt um ungt fólk að við megum ekki til þess hugsa að nokkuð illt hendi í lífi þess. Lög og reglur eru til að styrkja þjóð og samfélag. Gæfa okkar veltur í ríkum mæli á því að virða þær reglur.

Landvernd og mannvernd eru tengd sjálfsvirðingu hvernar mannveru – að rækta kosti okkar og sníða af okkur ókostina. Því aðeins getum við gert kröfur til annarra að við gerum einnig kröfur til okkar sjálfra. Við skulum á þessum tímamótum einsetja okkur að auka þær kröfur og setja okkur það mark að Ísland verði betra land en nokkru sinni fyrir.

Héðan frá Bessastöðum fylgja landsmönnum óskir um gott og gæfuríkt ár. Þeir sem hér hafa búið síðan sú Bessastaðastofa sem nú stendur var reist hafa einatt óskað þjóðarbúinu frama, frelsis og hagsældar. Megi framtíð okkar á hverjum bæ verða þannig að við getum hlakkað til hennar.